



Skipulagsstofnun

Borgartún 7b

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 2.5.2025

Málsnúmer: 202503-0037

B.K./O.K.V.

Efni: Ofanflóðavarnir á Seyðisfirði - Umhverfismatsskýrsla

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 13. mars 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Seyðisfirði undir hlíðum Strandartinds. Neðan Botnabrána munu sex varnargarðar liggja ofan byggðar, sunnan fjarðarins, frá Búðará að Dagmálalæk. Í Neðri-Botnum, ofan Botnabrána, verða útbúin fyrirbyggjandi varnarmannvirki sem munu stýra yfirborðsvatni og jarðvatni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skýrsluna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Válistategundin súrsmæra (*Oxalis acetosella*) finnst rétt við jaðar athugunarsvæðisins í Neðri-Botnum samkvæmt úttekt Náttúrustofu Austurlands¹. Útbreiðsla hennar er bundin við norðanverða Austfirði og Úthérað og er þetta eini þekkti vaxtarstaðurinn í Seyðisfirði². Tryggja þarf að vaxtarstað tegundarinnar og næsta nágrenni verði ekki raskað við framkvæmdirnar.

Tveir aðrir skráningarstaðir válistaplantna, sem eru í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar, eru innan framkvæmdasvæðisins og voru þeir kannaðir í úttekt Náttúrustofu Austurlands. Viðkomandi tegundir fundust þó ekki þar enda upplýsingar um staðsetningu ónákvæmar þar sem skráningarnar eru komnar til ára sinna. Náttúrufræðistofnun tekur undir ályktun náttúrustofunnar að full ástæða sé til að halda raski á gróðri í lágmarki á svæðinu vegna þess að þetta er þekkt vaxtarsvæði válistaplantna.

Neðri-Botnar er vinsælt útivistarsvæði á Seyðisfirði enda er gróðurfar þar allfjölbreytt með lyngmóum, grasgefnum lautum og votlendisblettum. Þar gætir síður áhrifa mannvistar á gróðurfar samanborið við hlíðarnar neðan Botnabrána í grennd við byggðina en þó finnast þar alaskalúpína og skógræktartré. Á þessu svæði verða grafnir drenskurðir og gengið verður frá efni meðfram þeim. Drenskurður verður til að mynda grafinn meðfram Botnatjörn, sem er lítil tjörn innst í Botnum. Áætluð lengd drenskurða er

¹ Guðrún Óskarsdóttir, 2024. Rannsóknir á gróðri vegna uppbyggingar ofanflóðavarna í Neðri-Botnum á Seyðisfirði. Náttúrustofa Austurlands, NA-240262.

² Náttúrufræðistofnun, á.á. Súrsmæra (*Oxalis acetosella*) <https://www.ni.is/is/biota/plantae/tracheophyta/-magnoliopsida/oxalidaceae/sursmaera-oxalis-acetosella>



1.700 m skv. umhverfismatsskýrslu. Þar kemur einnig fram að töluverð óvissa er um virkni drenskurðanna. Ætla má að með drenskurðum verði umtalsvert óafturkræft rask á gróðri í Botnum sem hefur áhrif á ásýnd svæðisins með óvissu um ávinning, sem er umhugsunarvert. Tekur stofnunin undir með Náttúrustofu Austurlands að mikilvægt er að halda raski í lágmarki og nýta staðarefni fyrir frágang og koma í veg fyrir frekari útbreiðslu framandi tegunda í kjölfar framkvæmdanna með vöktun og aðgerðum.

Í kafla 2.1 *Verndarsvæði og takmarkanir á landnotkun* kemur ekki fram að innan framkvæmdasvæðisins er votlendi sem fellur undir sérstaka vernd skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Úttekt Náttúrustofu Austurlands sýndi að á svæðinu er samfelld votlendi yfir 2 ha að stærð sem heyrir undir þessa grein laganna.

Þegar kemur að endurheimt skógræktar vill stofnunin benda á að æskilegast er að nota til þess innlendar tegundir þar sem erlendar tegundir geta reynst ágengar þegar fram líða stundir, líkt og getur verið tilfellið með stafafuru³ og mögulega einnig sitkagreni⁴.

Af lestri skýrslunnar er ekki fyllilega ljóst hvort nýr vegslóði, sem mun þvera Fjarðará, verður tímabundinn eða ekki en í skýrslunni kemur fram að með tilliti til búsvæða fiska er brú betri kostur en ræsi ef þverunin er komin til að vera.

Einna mestu neikvæðu áhrifin á fuglalíf eru líklega einnig vegna vegslóðans og mætti skoða mögulegar mótvægisáðgerðir vegna rasks á varpi við ána, líkt og nefnt er í skýrslu Náttúrustofu Austurlands.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir

Líffræðingur

³ Wasowicz, P., Óskarsdóttir, G., & Þóra, E. Þ. 2025. Lodgepole pine (*Pinus contorta* douglas ex loudon) invasion in subarctic iceland: Evidence from a long-term study. *NeoBiota*, 97, 47-66. doi:<https://doi.org/10.3897/neobiota.97.134047>

⁴ Nygaard, P. H., & Øyen, B.-H. (2017). Spread of the Introduced Sitka Spruce (*Picea sitchensis*) in Coastal Norway. *Forests*, 8(1), 24. <https://doi.org/10.3390/f8010024>